



Nefnd um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

**Fimmta skýrsla Íslands um alþjóðasamninginn  
um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg  
réttindi í samræmi við 16. og 17. gr. samningsins**

Október 2021

---

## Efnisyfirlit

*Blaðsíða*

Efnisyfirlit .....	2
I. Inngangur .....	3
II. Almennar upplýsingar (General Observations).....	3
A. Stjórnarskrá og önnur löggjöf.....	3
B. Alþjóðlegar skuldbindingar .....	4
C. Innlent mannréttindaefirlit.....	5
III. Upplýsingar um einstaka ákvæði sáttmálans .....	5
Grein 1 – Sjálfsákvörðunarréttur.....	5
Grein 2 – Bann við mismunun .....	6
Grein 3 – Kynjajafnrétti .....	9
Greinar 4 og 5 – Almennt um réttindin í samningnum .....	16
Grein 6 – Rétturinn til að vinna .....	16
Grein 7 – Sanngjörn og hagstæð vinnuskilyrði.....	19
Grein 8 – Réttur til að stofna og vera í stéttarfélagi.....	20
Grein 9 – Réttur til félagslegs öryggis .....	20
Grein 10 – Réttur fjölskyldunnar .....	22
Grein 11 – Réttur til viðunandi lífsafkomu .....	26
Grein 12 – Réttur til að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu .....	28
Greinar 13 og 14 – Réttur til menntunar .....	33
Grein 15 – Réttur til þátttöku í menningarlífi .....	37

## I. Inngangur

1. Í samræmi við 16. og 17. gr. alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi hefur íslenska ríkið tekið saman fimmtu skýrslu sína um framkvæmd samningsins. Við gerð skýrslunnar var tekið mið af leiðbeiningum nefndar Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (hér eftir nefndin) frá árinu 2009. Skýrslan tekur til áraanna 2010 til vors 2021, en leitast er við að gefa sem réttasta mynd af því hvernig samningnum hefur verið framfylgt á því tímabili og hvernig tekið hefur verið tillit til lokaathugasemda nefndarinnar til Íslands frá 11. desember 2012, en vísað verður til þeirra eftir númerum.
2. Stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi, þar sem eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta, hélt utan um skýrsluskrifin. Leitast var við að eiga gott samráð við hagsmunaaðila við gerð skýrslunnar. Vorið 2019 hélt stýrihópurinn almennan samráðsfund með Mannréttindaskrifstofu Íslands og ýmsum félagasamtökum til þess að ræða stöðu mannréttindamála almennt. Fulltrúar hópsins áttu auk þess fund með framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofunnar til þess að ræða fyrirhugaða skýrslu vorið 2020. Í ágúst 2020 voru svo upplýsingar um fyrirhugaða skýrslugerð birtar á samráðsgátt Stjórnarráðsins og þar gafst öllum kostur á að senda inn umsagnir. Þá var farið yfir fyrirhugaða skýrslu á fundi velferðarvaktarinnar haustið 2020 og óskað eftir innleggi þaðan. Drög að skýrslunni voru svo birt til umsagnar á samráðsgátt stjórnvalda í apríl 2021.

## II. Almennar upplýsingar (General Observations)

### A. Stjórnarskrá og önnur löggjöf

*Sjá lokaathugasemd 4*

3. Vísað er í umfjöllun í fyrri skýrslum Íslands til nefndarinnar varðandi mannréttindaákvæði stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (sjá E/C.12/ISL/4, efnisgreinar 6-7).
4. Í síðustu athugasemdum sínum til Íslands kom nefndin með ábendingar varðandi frumvarp stjórnlagaráðs til nýrra stjórnskipunarlag. Frumvarp stjórnlagaráðs var lagt fram á Alþingi með tilteknum breytingum í nóvember 2012 en varð ekki útrætt. Ekki eru

fyrirhugaðar tiltekna breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar en samkvæmt verklagi stjórnarskrárendurskoðunar er þó gert ráð fyrir því að þau verði tekin fyrir á tímabilinu 2021-2025. Efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum er veitt vernd í nágildandi stjórnarskrá og ýmsum ákvæðum íslenskra laga, líkt og nánar verður vikið að í tengslum við umfjöllun um einstakar greinar.

5. Samningurinn hefur ekki lagagildi á Íslandi en hefð hefur verið fyrir því að aðlaga landsrétt að mannréttindasamningum hér á landi frekar en að lögfesta þá í heild sinni. Þó hafa tveir mannréttindasamningar verið lögfestir, þ.e. Mannréttindasáttmáli Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Vísað er í umfjöllun í fyrri skýrslum Íslands til nefndarinnar varðandi áhrif samningsins á lagaframkvæmd (sjá E/C.12/ISL/4, efnisgreinar 8-11).

## **B. Alþjóðlegar skuldbindingar**

*Sjá lokaathugasemdir 20 og 21*

6. Frá því að síðustu skýrslu Íslands var skilað hefur Ísland fullgilt ýmsa samninga sem varða mannréttindi. Má þar sérstaklega nefna að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var fullgiltur á Alþingi árið 2016. Þá hafa verið fullgildir nokkrir samningar á vettvangi Evrópuráðsins, þar á meðal samningurinn um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegu ofbeldi á börnum (Lanzarote-samningurinn) og samningurinn um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbul-samningurinn). Hafinn er undirbúningur að fullgildingu alþjóðasamningsins um vernd gegn mannhvörfum af mannavöldum. Alþjóðasamninginn um réttindi farandverkafólks og fjölskyldna þeirra hefur ekki verið fullgiltur, en mörg ákvæði samningsins hafa hins vegar þegar verið innleidd í íslenska löggjöf.
7. Í síðustu athugasemdum sínum til Íslands lagði nefndin til að Ísland myndi íhuga að undirrita og fullgilda valkvæðu bókunina við samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Tekin hefur verið ákvörðun um að fullgilda bókunina ekki að svo stöddu.

### **C. Innlent mannréttindaeftirlit**

*Sjá lokaathugasemd 7*

8. Á Íslandi er ekki til staðar sjálfstæð mannréttindastofnun sem uppfyllir Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna. Undanfarin ár hefur dómsmálaráðuneytið unnið að því að koma á fót slíkri stofnun. Vorið 2018 hófst vinna við gerð frumvarps um sjálfstæða innlenda mannréttindastofnun og voru áform um það birt á samráðsgátt stjórnvalda vorið 2019. Aftur á móti er ekki gert ráð fyrir stofnuninni í fjármálaáætlun fyrir 2021–2025. Í mars 2021 var skipaðir starfshópur sem hefur það hlutverk að leita leiða til þess að koma slíkri stofnun á fót.
9. Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur að nokkru leyti gegnt hlutverki sjálfstæðrar innlendar mannréttindastofnunar hér á landi. Hún uppfyllir þó ekki Parísarviðmiðin, þar sem henni er ekki komið á fót með lögum. Í lok árs 2019 var styrkur dómsmálaráðuneytisins til skrifstofunnar tvöfaldaður í þeim tilgangi að skapa styrkari grundvöll fyrir rekstur skrifstofunnar og gera henni kleift að sinna hlutverki sínu..
10. Árið 2017 var stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi stofnaður, en í honum eiga sæti fulltrúar frá öllum ráðuneytum. Stýrihópurinn er formlegur samráðsvettvangur sem þjónar því markmiði að tryggja stöðugleika í verklagi og aðkomu allra ráðuneyta að mannréttindamálum. Verkefni hópsins felast meðal annars í því að fylgja eftir tilmælum og athugasemdum alþjóðlegra eftirlitsaðila á sviði mannréttindamála.

### **III. Upplýsingar um einstaka ákvæði sáttmálans**

#### **Grein 1 – Sjálfsákvörðunarréttur**

11. Engar breytingar hafa verið gerðar sem snúa að sjálfsákvörðunarrétti frá því að síðustu skýrslu var skilað.

## **Grein 2 – Bann við mismunun**

*Sjá lokaathugasemdir 5 og 6*

### **Innleiðing réttinda í áföngum**

12. Í síðustu athugasemdum sínum til Íslands minnir nefndin á skyldu ríkisins til þess að tryggja að efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi komist í framkvæmd í áföngum og lýsir yfir áhyggjum sínum af neikvæðum áhrifum efnahagshrunsins á slík réttindi. Sérstök velferðarvakt var stofnuð árið 2009, en í henni eiga sæti fulltrúar ríkis, sveitarfélaga og ýmissa hagsmunasamtaka. (sjá E/C.12/ISL/4, efnisgreinar 133-134). Upphaflega var hlutverk Velferðarvaktarinnar að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fjölskyldur, meta aðgerðir sem gripið hafði verið til og leggja fram tillögur til úrbóta. Árið 2014 var Velferðarvaktin endurskipuð og er helsta hlutverk hennar að huga að velferð efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni.

### **Jafnræði og bann við mismunun**

13. Í 65. gr. stjórnarskrárinnar er að finna almenna jafnræðisreglu, sbr. fyrri skýrslur Íslands til nefndarinnar (E/1994/104/Add.25, efnisgrein 16 og E/1990/6/Add.15 efnisgreinar 9-13).
14. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 voru samþykkt í árslok 2020 og komu í stað laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008. Markmið laganna er að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli kyns og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Með kyni í lögnum er átt við konur, karla og fólk með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá nema annars sé getið sérstaklega og er þetta í fyrsta sinn sem jafnréttislög fjalla um fleiri kyn en konur og karla. Þá er í fyrsta sinn nýtt ákvæði um fjölpætta mismunun, þ.e. þegar manneskju er mismunað á grundvelli fleiri en einnar mismununarástæðu sem verndaðar eru í löggjöf um jafnréttismál.

15. Lög um stjórnýslu jafnréttismála nr. 151/2020 voru samþykkt árið 2020. Markmið laganna er að efla stjórnýslu í málaflokknum og ná þau til Jafnréttisstofu og kærunefndar jafnréttismála.
16. Í september 2018 tóku gildi lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Lögin gilda um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu, svo sem hvað varðar; aðgang að störfum, sjálfstæðri atvinnustarfsemi eða starfsgreinum, þar með talið við ráðningar og framgang í starfi; aðgang að starfsráðgjöf, starfsmenntun og starfsþjálfun; ákvarðanir í tengslum við laun, önnur starfskjör og uppsagnir; og þátttöku í samtökum launafólks eða atvinnurekenda, þar með talin þau hlunnindi sem þau veita félagsmönnum. Á sama tíma tóku gildi lög nr. 85/2018, um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Þau lög gilda á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar. Með lögunum er verið að veita einstaklingum sem telja sér mismunað utan vinnumarkaðar aukna réttarvernd. Með „utan vinnumarkaðar“ er átt við að bannað sé að mismuna til dæmis í tengslum við félagslega vernd, þ.e. heilbrigðis- og félagsþjónustu, í tengslum við aðgang að almannatryggingakerfinu og öðrum félagslegum kerfum, svo sem atvinnuleysistryggingakerfinu og fæðingarorlofskerfinu, skólum og á uppeldisstofnunum sem og að það sé bannað að mismuna þegar kemur að aðgangi að og afhendingu á vörum og þjónustu. Forsætisráðherra hefur lagt fram í ríkisstjórn frumvarp sem nær einnig til jafnrar meðferðar óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins utan vinnumarkaðar.
17. Sumarið 2019 voru samþykkt lög um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019. Lögin kveða á um rétt einstaklinga til að skilgreina sjálfir eigið kyn og miða þannig að því að tryggja að kynvitund hvers og eins njóti viðurkenningar. Með lögunum var komið til móts við ný og breytt viðhorf til opinberrar skráningar kyns og stuðlað að réttarbótum trans og intersex fólks. Unnið er að frekari breytingum á grundvelli laganna s.s. lækkun aldursviðmiða til að breyta opinberri skráningu kyns úr 18 í 15 ára, bann við ónauðsynlegum skurðaðgerðum á börnum sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni og breytingar á ýmsum lögum til að tryggja lagaleg réttindi fólks með kynhlutlausu skráningu og trans

fólks, þar á meðal barnalögum sem miða að því að tryggja réttindi foreldra sem breytt hafa skráningu kyns.

### **Réttindi fatlaðs fólks**

18. Í síðustu athugasemdum sínum til Íslands er sérstaklega bent á mikilvægi þess að vinna gegn mismunun gegn fötluðu fólki, t.d. þegar kemur að menntun og húsnæði. Árið 2018 voru sett lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í lögunum eru sett fram skýr markmið um að fatlað fólk skuli eiga kost á bestu þjónustu sem unnt er að veita á hverjum tíma til að koma til móts við sértækar stuðningsþarfir þess. Þjónustan skal miða að því að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning til þess að það geti notið fullra mannréttinda til jafns við aðra og skapa því skilyrði til sjálfstæðs lífs á eigin forsendum. Sérstaklega er tekið fram að við framkvæmd laganna skuli framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í lögunum er fötluðu fólki tryggður réttur í samræmi við þarfir þess og óskir sem og aðgangur að félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar þannig að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Um húsnæði fyrir fatlað fólk gilda auk þess ákvæði skipulags- og byggingarlaga, lög um húsnæðismál og lög um almennar íbúðir, eftir því sem við á. Fatlað fólk á rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Óheimilt er að binda þjónustu við fatlað fólk því skilyrði að það búi í tilteknu búsetuformi. Í ákvæðum laganna til bráðabirgða kemur fram að fötluðu fólki sem býr á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir. Varðandi nánari upplýsingar um réttindi fatlaðs fólks og framkvæmd fyrrnefndra laga vísast í fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
19. Varðandi menntun fatlaðs fólks má benda á að lög gera þá kröfu að á öllum skólastigum sé boðið upp á gæðamenntun án aðgreiningar fyrir alla nemendur, óháð fötlun eða stöðu að öðru leyti, sbr. nánar í umfjöllun um greinar 13 og 14.



### **Grein 3 – Kynjajafnrétti**

#### *Sjá lokaathugasemd 8*

20. Íslensk stjórnvöld leggja ríka áherslu á kynjajafnrétti. Í janúar 2019 var málaflokkurinn jafnréttismál fluttur til forsætisráðuneytis í því skyni að efla samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða innan stjórnsýslunnar. Með stofnun sérstakrar skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu eru jafnréttismálin styrkt enn frekar og hefur skrifstofan unnið í nánu samstarfi við önnur ráðuneyti.
21. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnar Íslands í jafnréttismálum var samþykkt á Alþingi 2019. Henni er ætlað það hlutverk að skilgreina stefnu stjórnvalda á hverjum tíma og lýsa verkefnum sem fela í sér beinar aðgerðir í þágu kynjajafnréttis. Í árslok 2020 var mælaborð framkvæmdaáætlunar í jafnréttismálum kynnt á vef Stjórnarráðsins en markmið þess er að fylgja eftir aðgerðunum.
22. Dregið hefur úr kynbundnum launamun, en árið 2008 nam óleiðréttur launamunur 20,5% en árið 2017 var hann 15,3%. Þegar skýrt hefur verið fyrir ýmsum bakgrunnspáttum nam óskýrður launamunur kynjanna 6,6% árið 2008. Árið 2016 var óskýrður launamunur karla og kvenna 4,5%. Þrátt fyrir að óskýrður launamunur karla og kvenna hefði minnkað bæði á almennum markaði og hjá hinu opinbera var hann hærrí á almennum markaði.
23. Árið 2018 tóku gildi lög þar sem kveðið er sérstaklega á um jafnlaunavottun. Markmið jafnlaunavottunar er að tryggja konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu og vinna þannig gegn kynbundnum launamun. Í lögnum kemur fram skylda fyrir fyrirtæki og stofnanir, þar sem starfa 25 eða fleiri, að öðlast jafnlaunavottun. Til grundvallar jafnlaunavottunar liggur staðall, en með innleiðingu hans geta fyrirtæki og stofnanir komið sér upp stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun. Faggiltur vottunaraðili metur hvort öll skilyrði séu uppfyllt og unnt sé að veita jafnlaunavottun. Jafnréttisstofa gefur út sérstakt merki um jafnlaunavottun. Framkvæmd laganna um jafnlaunavottun er áfangaskipt en alls höfðu 295 fyrirtæki og stofnanir öðlast jafnlaunavottun þann 7. apríl 2021. Nær jafnlaunavottunin nú þegar til um 62% þess

starfsfólks sem áætlað var að lögin tækju til. Þá skipaði forsætisráðherra í árslok 2020 starfshóp um endurmat á virði kvennastarfa og er áætlað að hann skili tillögum eigi síðar en í ágúst 2021.

24. Sumarið 2019 samþykkti mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna ályktun sem Ísland lagði fram í samstarfi við fleiri ríki og um jöfn laun karla og kvenna. Ályktunin kveður meðal annars á um sérstakan dag hjá Sameinuðu þjóðunum sem helgaður er jöfnum launum karla og kvenna og var fyrsti jafnlaunadagurinn haldinn 18. september 2020.
25. Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði löggjafar um jafnréttismál. Með lögum um stjórnslu jafnréttismála eru Jafnréttisstofu falin aukin verkefni auk þess sem eftirlitsþáttur Jafnréttisstofu hefur verið gerður skýrari, meðal annars með því að skýra betur heimildir til að beita dagsektum vegna brota á jafnréttislögum. Í reglugerð nr. 933/2019 kemur fram að Jafnréttisstofa geti lagt dagsektir á aðila sem veitir ekki upplýsingar, verður ekki við fyrirmælum um að grípa til úrbóta í samræmi við úrskurð kærunefndar jafnréttismála, setur ekki jafnréttisáætlun eða gerir ekki viðunandi ráðstafanir í tengslum við jafnlaunavottun.
26. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða við opinbera stefnumótun og ákvarðanatöku er lögfest sem verklag innan hins opinbera. Samþættingin hefur að mestu verið framkvæmd í gegnum kynjaða fjárlagagerð. Unnið er að því að efla aðra þætti og er eitt af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum að vinna að gerð og innleiðingu heildstæðrar áætlunar um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í stefnumótun og ákvarðanatöku ráðuneyta og stofnana ríkisins.
27. Kynjuð fjárlagagerð var lögfest árið 2015 með lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Hún felst í því að þekkja og bera kennsl á innbyggða hvata og áhrif tekjuöflunar og útgjalda ríkisins á stöðu og tækifæri kynjanna svo hægt sé að stuðla að jafnrétti og bættri og upplýstri ákvarðanatöku. Á árunum 2018–2020 hefur verið unnið að því að tengja kynja- og jafnréttissjónarmið við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga í anda leiðbeininga frá Efnahags- og framfarastofnunni (OECD). Í fjármálaáætlun til fimm ára er greinargerð um framvindu kynjaðrar fjárlagagerðar og þær áskoranir og tækifæri til úrbóta sem snúa að stöðu kynjanna og jafnréttismálum. Í fjárlagafrumvarpi hvers árs er gerð grein fyrir

áhrifum helstu ráðstafana í frumvarpinu á jafnrétti. Árlega er gefin út grunnskýrsla kynjaðrar fjárlagagerðar þar sem kortlögð eru kynjasjónarmið og staða kynjanna innan allra málaflokka hins opinbera. Þar er sömuleiðis yfirlit yfir áherslur stjórnvalda í jafnréttismálum og nýtist skýrslan í heild sinni sem undirstaða markmiðssetningar í fjármálaáætlun til fimm ára og við mat á áhrifum tekjuöflunar og ráðstöfun fjármuna ríkisins á jafnrétti kynjanna. Þá nýtist hún einnig við mat á áhrifum lagasetningar og við kynjasambættingu í víðu samhengi.

28. Í síðustu athugasemdum sínum til Íslands leggur nefndin til að leitast verði við að auka hlutfall kvenna í valdastöðum, sérstaklega innan utanríkisþjónustunnar, hjá dómstólum og innan fræðasamfélagsins. Utanríkisráðuneytið hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að auka hlutfall kvenna í áhrifastöðum innan ráðuneytisins og þó enn sé hægt að gera betur hefur mikill árangur náðst nú þegar. Síðan Ísland skilaði síðast skýrslu til nefndarinnar hafa fjórir aðilar gegnt stöðu utanríkisráðherra, þrír karlar og ein kona. Í desember 2020 er fjórum af sjö skrifstofum ráðuneytisins stjórnað af konum, þar á meðal í fyrsta sinn í varnar- og öryggismálum. Konur skipa einn þriðja af stöðum sendiherra og þar af eru á pósti 7 konur af 17 sendiherrum. Síðan í ágúst 2019 hafa meirihluti sendiherra tvíhliða sendiráða Íslands verið konur, þó er enn þörf á að auka hlutfall kvenna sem gegna stöðu sendiherra. Lögð verður áhersla á það á komandi árum að tryggja meira jafnvægi innan utanríkisþjónustunnar að þessu leyti.
29. Í samræmi við ákvæði jafnréttislaga hafa dómstólar eins og aðrar stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri sett sér jafnréttisáætlun, þar sem m.a. er komið inn á það hvernig skuli tryggja jafnrétti meðal starfsmanna. Haustið 2020 voru dómarar héraðsdómstóla 42 en þar af eru 16 konur. Hlutfall kvenna er því um 38%. Við fjölmennasta dómstólinn, Héraðsdóm Reykjavíkur, er hlutfall kvenna og karla jafnt en þar eru 12 kvenkyns dómarar og 12 karlkyns dómarar. Hins vegar eru einungis fjórar konur starfandi héraðsdómarar á landsbyggðinni. Landsréttur tók til starfa 1. janúar 2018, sbr. lög um dómstóla nr. 50/2016. Landsréttur er áfrýjunardómstóll og hefur tilurð hans í för með sér miklar breytingar á íslensku réttarkerfi. Í Landsrétti starfa 13 dómarar og þar af eru 6 konur eða 46%. Í Hæstarétti eru nú starfandi sjö dómarar en þar af eru þrjár konur eða um 43%.

30. Í nágildandi framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum er að finna aðgerð sem miðar að því að bæta stöðu kvenna í fræðasamfélaginu. Stefnt er að því að kanna ástæður brotthvarfs kvenna úr vísindastarfi og ástæður þess að framgangur karla í vísindum er vanalega meiri en kvenna með því að skoða framgangskerfi háskólanna í samhengi við fjölskylduaðstæður og starfsval. Með hliðsjón af niðurstöðunum verði gerð aðgerðaáætlun til að stemma stigu við brotthvarfi kvenna úr háskólastarfi og vinna í þeim þáttum sem hafa áhrif á framgang út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.

### **Kynbundið ofbeldi**

31. Ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi frá því að síðustu skýrslu Íslands var skilað, meðal annars í tengslum við fullgildingu á Istanbúl samningnum.
32. Árið 2017 var samþykkt aðgerðaráætlun um meðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu. Á grundvelli áætlunarinnar var skipaður stýrihópur um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðisofbeldi. Eitt meginhlutverk hans var að gera tillögur um lagabreytingar með það að markmiði að styrkja stöðu brotþola um allt land. Þá átti hópurinn að beita sér fyrir samhæfðum aðgerðum stjórnvalda í baráttunni gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi. Hópurinn hefur meðal annars unnið skýrslu þar sem fram koma tillögur um endurskoðun á lögum og framkvæmd til að bæta réttarstöðu brotþola.
33. Hópurinn vann skýrsluna *#metoo og Stjórnarráð Íslands sem vinnustaður*. Skýrslan byggir á yfirferð yfir kannanir sem hafa verið gerðar á umfangi kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni innan Stjórnarráðsins, áætlunum sem er ætlað að sporna gegn og bregðast við slíkri háttsemi, fundum með utanaðkomandi fagaðilum og fundum með jafnréttisfulltrúum, öryggisvörðum og öryggistrúnaðarmönnum allra ráðuneytanna. Hópurinn stóð einnig fyrir alþjóðlegri ráðstefnu um áhrif #metoo bylgjunnar haustið 2019.
34. Tekin var saman greinargerð um stafrænt kynferðisofbeldi 2019 en í henni er að finna tillögur um lagabreytingar, fræðslu og endurmenntun innan réttarvörslukerfisins og forvarnir. Í samhengi við vinnu þessa stóð stýrihópurinn fyrir málþingi um stafrænt kynferðisofbeldi í febrúar 2019. Í kjölfarið var greinargerðin kynnt í ríkisstjórn og

ákveðið að fela dómsmálaráðherra endurskoðun á löggjöf og lagaframkvæmd með hliðsjón af tillögum sem settar eru fram í greinargerðinni. Félagsmálaráðuneytið mun taka tillögur um bættu þjónustu við þolendur til skoðunar í tengslum við framkvæmd áætlunar um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

35. Þingsályktunartillaga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025 var samþykkt var á Alþingi vorið 2020. Með samþykkt áætlunarinnar fól Alþingi forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, félags- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra að koma á skipulögðum forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Forvarnirnar skulu samþættar kennslu og skólastarfi á öllum skólastigum og skulu eiga sér stað á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, í íþróttá- og æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi.
36. Almennum hegningarlögum nr. 19/1940 var breytt árið 2016, sbr. lög nr. 23/2016 til þess að tryggja betur vernd gegn heimilisofbeldi. Í 218. gr. b. almennra hegningarlaga segir nú að hver sá sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Ef brot er stórfellt getur það varðað fangelsi allt að 16 árum. Við mat á grófleika verknaðar ber m.a. að líta til þess hvort brotið hefi verið framið á sérstaklega sársaukafullan eða meiðandi hátt, hafi staðið yfir í langan tíma eða hvort gerandi hafi misnotað freklega yfirburðastöðu sína gagnvart þolanda.
37. Með breytingunni á almennum hegningarlögum árið 2016 var enn fremur bætt við ákvæði í 2. mgr. 225. gr. um nauðungarhjórabönd, en þar segir nú að ef maður neyðir annan mann til að ganga í hjúskap þá varði það fangelsi allt að 4 árum. Sömu refsingu varðar að neyða annan mann til að gangast undir sambærilega vígslu þó að hún hafi ekki gildi að lögum.
38. Árið 2011 voru ný lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011 samþykkt. Meginmarkmið laganna var að styrkja lagalega stöðu þolenda ofbeldis, þá sérstaklega heimilisofbeldis. Áður hvíldi ábyrgðin um að leggja fram kröfu um nálgunarbann eða

kröfu um að vísa ofbeldismanni brott af heimili sínu eða dvalarstað á brotaþola, sem sjaldan lagði slíka kröfu fram. Eftir að nýju lögín voru samþykkt hefur lögreglan heimild til að taka ákvörðun um nálgunarbann. Árið 2019 var lögunum breytt á þann hátt að ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann þarf ekki að bera undir dómstóla, nema sakborningur krefjist þess innan tveggja vikna frá birtingu ákvörðunar fyrir sakborningi. Að auki hefur lögreglan heimild til þess að vísa einstaklingi brott af heimili sínu standi öðrum sem þar dveljast ógn af viðkomandi. Þá ákvörðun skal ávallt bera undir dómstóla. Þá skal tilnefna réttargæslumann fyrir brotaþola.

39. Í febrúar 2021 var nýju refsíákvæði bætt við hegningarlög um umsáturseinelti. Ákvæðið gerir það refsivert að hóta, elta, fylgjast með, setja sig í samband við eða með öðrum sambærilegum hætti sitja um annan mann ef háttsemin er endurtekin og til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða. Einnig voru samþykkt lög um kynferðislega friðhelgi sem miða að því að auka vernd gegn stafrænu kynferðisofbeldi. Lögín fela í sér breytingar á ákvæðum hegningarlaga um kynferðisbrot annars vegar og friðhelgi einkalífs hins vegar. Þá er kveðið á um breytingu á lögum um meðferð sakamála til þess að tryggja virkni þeirra breytinga sem lagðar eru til á hegningarlögum. Lögín miða að því að styrkja réttarvernd einstaklinga með hliðsjón af þeim samfélagslegu breytingum sem hafa orðið með aukinni tæknivæðingu og viðhorfsbreytingum gagnvart kynferðisbrotum á Íslandi.
40. Samstarfsverkefnið *Byggjum brýr, brjótum múra – Samvinna í heimilisofbeldismálum* miðaði að því að miðla reynslu af aðferðum sem hafa skilað árangri í baráttunni gegn ofbeldi í nánnum samböndum, mynda tengsl á milli fagfólks, bjóða upp á fræðslu og standa að vitundarvakningu fyrir alla landsmenn. Innleiðing verkefnisins var unnin í samstarfi ýmissa lögregluembætta, stofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga. Haldnir voru fjölmargir fræðslu- og tengslafundir og gerð fræðslumyndbönd. Meðal annars var fjallað um hvernig bera megí kennsl á þolendur og gerendur, viðbrögð og úrræði við heimilisofbeldi og þjónustu við viðkvæma hópa, s.s. fatlað fólk, fólk af erlendum uppruna og hinsegin fólk. Verkefninu lauk formlega 2019 en útkoma þess, reynsla og tengslanet mun nýtast áfram í baráttunni gegn ofbeldi.
41. Íslensk stjórnvöld hafa tekið þátt í átaksverkefni UN Women, *Kynslóð jafnréttis* og eru meðal forysturíkja í aðgerðabandalagi sem hefur það að markmiði að uppræta kynbundið

ofbeldi. Skipaður var stýrihópur um framkvæmd verkefnisins með fulltrúum forsætisráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins. Stýrihópnum er gert að skila tillögum um aðgerðir á þessu sviði og móta framkvæmd þeirra í samvinnu við önnur forysturíki.

42. Í kjölfar ábendinga frá börnum og ungmennum skipaði mennta- og menningarmálaráðherra í árslok 2020 starfshóp um eflingu kynfræðslu í skólum. Starfshópnum er m.a. falið að gera tillögu að framkvæmd kennslu í kynfræðslu og ofbeldisforvörnum á grunn- og framhaldsskólastigi, láta vinna stöðukönnun á framkvæmd kynfræðslu í grunn- og framhaldsskólum
43. Þingsáætlun um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess fyrir árin 2019–2022 var samþykkt á Alþingi árið 2019. Ráðherrar félags- og jafnréttismála, dómsmála, heilbrigðismála og mennta- og menningarmála stóðu saman að áætluninni og er í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar um að vinna markvisst gegn ofbeldi í samfélaginu. Áætlunin tekur til ofbeldis í ólíkum birtingarmyndum og aðgerðirnar taka til líkamlegs, kynferðislegs og andlegs ofbeldis. Þar er að finna ýmsar aðgerðir sem miða að því að vinna gegn ofbeldi með forvörnum og fræðslu. Sérstök áhersla er lögð á viðkvæma hópa, svo sem innflytjendur, fatlað fólk og aldraða. Einnig má nefna að félagsmálaráðuneytið hefur gert samning við Kvænnaathvarfið og Mannréttindaskrifstofu Íslands um verkefnið – *Þekktu rétt þinn, þekking er vald* sem er ætlað að efla fræðslu um þjónustu og lagaleg úrræði í þágu kvenna af erlendum uppruna hér á landi sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi.
44. Bæklingurinn *Réttur þinn, - Mikilvægar upplýsingar fyrir innflytjendur á Íslandi* var endurskoðaður árið 2019. Í bæklingnum er fjallað um réttindi fólks á Íslandi þegar kemur að nánnum samböndum og samskiptum og þar má finna vísanir í frekari upplýsingar og aðstoð bæði stofnana og félagasamtaka. Bæklingurinn hefur verið gefinn út á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, tælensku, rússnesku, arabísku og nú einnig á frönsku.

### **Staðalímyndir**

45. Jafnréttisstofa, hefur meðal annars það hlutverk að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Þá er henni ætlað að vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur

stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum. Á síðustu árum hefur Jafnréttisstofa unnið sérverkefni sem snúa sérstaklega að þessum þáttum. Má þar til dæmis nefna vitundarvakningu um afleiðingar og úrræði fyrir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum undir slagorðinu *Þú átt Von* og verkefnið *Break Free from Gender Stereotypes* sem miðaði að því að brjóta upp hefðbundnar staðalmyndir kynjanna og kynbundið náms- og starfsval með fjölbreyttum efnistöfum.

46. Á undanförmum árum hefur verið lögð áhersla á þátttöku karla í jafnréttismálum, meðal annars í þeim tilgangi að vinna gegn staðalmyndum um hlutverk kynjanna og kynbundnu ofbeldi. Má í því sambandi til dæmis benda á utanríkisþjónusta Íslands hefur séð um skipulagningu og þróun á verkfærakistu rakarastofa (*Barbershops*) sem unnið var fyrir #HeforShe herferð UN Women. Verkfærakistan gerir einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum kleift að skipuleggja rakarastofuráðstefnur, en markið þeirra er að virkja karla og drengi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og stuðla að umræðu um samskipti kynjanna og kynhlutverk. Í framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023 er einnig að finna verkefni um karla og jafnrétti þar sem tekið skal til umræðu annars vegar samband milli kynbundins og kynferðislegs áreitiss og ofbeldis og hins vegar hugmynda um karlmennsku, mörk og samþykki.

#### **Greinar 4 og 5 – Almennt um réttindin í samningnum**

47. Engar breytingar hafa verið gerðar sem snúa að þessum greinum frá því að síðustu skýrslu var skilað.

#### **Grein 6 – Rétturinn til að vinna**

*Sjá lokaathugasemdir 9 og 10*

48. Varðandi löggjöf um vinnumarkað er vísað í síðustu skýrslu Íslands til nefndarinnar (sjá E/C.12/ISL/4, efnisgreinar 73-87). Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á lögum síðan síðustu skýrslu var skilað. Má þar nefna að heiti laga nr. 27/2007 var breytt og heita lög in nú lög um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitanda. Samhliða voru gerðar breytingar sem miðuðu að því að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (2014/67/ESB) og tryggja að laun og önnur starfskjör starfsmanna starfsmannaleigna sem starfa á innlendum vinnumarkaði séu í samræmi við ákvæði laga og kjarasamninga sem



gilda um vinnumarkaðinn hérlendis. Þá hafa verið gerðar ýmsar breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 m.a. til að koma til móts við breyttar þarfir atvinnulífsins og vísindasamfélagsins. Þá er reglan nú sú að allir útlendingar sem fá ótímabundið dvalarleyfi á Íslandi eru undanþegnir kröfunni um atvinnuleyfi.

49. Lög nr. 86/2018 gilda um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði, s.s. hvað varðar; aðgang að störfum, sjálfstæðri atvinnustarfsemi eða starfsgreinum, þar með talið við ráðningar og framgang í starfi; aðgang að starfsráðgjöf, starfsmenntun og starfsþjálfun; ákvarðanir í tengslum við laun, önnur starfskjör og uppsagnir; og þátttöku í samtökum launafólks eða atvinnurekenda, þar með talin þau hlunnindi sem þau veita félagsmönnum.
50. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 kemur fram að helstu markmið Vinnumálastofnunar séu að koma í veg fyrir að fólk verði langtímaatvinnulaust og að finna langtímaatvinnulausum störf við hæfi, svo sem með samningum við fyrirtæki og stofnanir. Einnig er horft til aukinnar þátttöku í námi í samstarfi við menntakerfið og til þess að fjölga að einhverju marki þeim sem fara í endurhæfingarúrreði í samstarfi við endurhæfingaraðila. Skráð atvinnuleysi var um 2,1% í desember 2016 og 2,2% í desember 2017. Skráð atvinnuleysi mældist 2,7% í desember 2018 en 3,2% í mars 2019. Ljóst er að Covid-19 hefur haft mikil áhrif á vinnumarkaði en skráð atvinnuleysi jókst mikið á árinu 2020. og höfðu aldrei jafn margir verið skráðir án atvinnu á Íslandi en í desember 2020 þegar almennt skráð atvinnuleysi var 10,7%. Ráðist hefur verið í ýmsar tímabundnar aðgerðir í því skyni að sporna gegn atvinnuleysi. Má þar nefna að komið var á svokallaðri hlutabótaleið sem gerir launafólki og atvinnurekendum kleift að semja tímabundið um lægra starfshlutfall og á þá launafólkið rétt á atvinnuleysisbótum samhliða lægra starfshlutfalli, enda séu tiltekin skilyrði uppfyllt. Þá var tekjutengt tímabil atvinnuleysisbóta lengt fyrir þá sem misstu starf sitt í tengslum við Covid-19, auk þess sem grunnatvinnuleysisbætur voru hækkaðar. Einnig má nefna að heimildir atvinnuleitenda til að stunda nám samhliða greiðslu atvinnuleysisbóta voru rýmkaðar og námsstyrkir vegna starfstengdra námskeiða hækkaðir. Jafnframt voru heimildir Vinnumálastofnunar til greiðslu atvinnuleysisbóta við gjaldþrot félaga rýmkaðar. Þá var svigrúm fyrir atvinnurekendur til þess að ráða atvinnuleitendur til starfa með styrk frá Vinnumálastofnun aukið. Enn fremur var gerð breyting þannig að einstaklingar í atvinnutengdri starfsendurhæfingu ávinna sér rétt til atvinnuleysisbóta.

51. Í ljósi þess að atvinnuleysi jókst sérstaklega mikið hjá innflytjendum í kjölfar Covid-19 var stofnuð sérstök alþjóðadeild hjá Vinnumálastofnun til að þjónusta þennan hóp sérstaklega. Vinnumálastofnun hefur einnig verið falið aukið hlutverk vegna þjónustu við flóttafólk og einstaklinga sem fengið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum og mun stofnuninni annast íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir hópinn. Munu þessi námskeið standa öllum til boða þeim að kostnaðarlausu.
52. Í síðustu athugasemdum sínum til Íslands var lagt til að tímabundin atvinnuleyfi yrði gefin út vegna tiltekinna tegunda vinnu fremur en til tiltekinna vinnuveitanda. Einnig er lagt til að einstaklingur sem sækir um leyfi geti kært ákvörðun Vinnumálastofnunar, án samþykkis vinnuveitanda. Samkvæmt 7. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002 er Vinnumálastofnun heimilt að veita tímabundin atvinnuleyfi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Atvinnuleyfið gildir þó aðeins vegna starfa hjá tilgreindum atvinnurekanda. Rökin fyrir gildandi fyrirkomulagi eru m.a. að með þessum hætti er stjórnvöldum og stéttarfélögum gert kleift að hafa eftirlit með og tryggja að útlendingum sé ekki mismunað þar sem tilgreindum atvinnurekanda er skylt að tryggja að ákvæðum laga og kjarasamninga sé fylgt. Þrátt fyrir framangreint er heimilt að veita tímabundið atvinnuleyfi eftir því sem við á vegna tiltekins starfs útlendinga hjá öðrum atvinnurekanda en þeim er fyrra leyfið var skilyrt við. Í slíkum tilvikum skal yfirlýsing um ráðningarslit milli útlendinga og fyrri atvinnurekanda fylgja með umsókn ásamt skriflegum ráðningarsamningi milli útlendinga og hins nýja atvinnurekanda.
53. Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 mæla fyrir um að fatlað fólk skuli eiga kost á atvinnu- og hæfingartengdri þjónustu sem stuðlar að aukinni hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi til jafns við aðra. Þá skulu sveitarfélög starfrækja vinnustaði fyrir verndaða vinnu, hæfingu og dagþjónustu fyrir fatlað fólk þar sem því stendur til boða þroska-, iðju- og starfsþjálfun. Að auki veitir Vinnumálastofnun fólki með skerta starfsgetu, þar á meðal aðstoð í tengslum við þátttöku þess á vinnumarkaði. Með lögum nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, er einstaklingum sem missa starfsgetu sína í kjölfar veikinda eða slysa tryggð ráðgjöf og úrræði sem ætlað er að stuðla markvisst að endurkomu þeirra til vinnu að fullu eða hluta.

## **Grein 7 – Samngjörn og hagstæð vinnuskilyrði**

### *Sjá lokaathugasemd 11*

54. Á Íslandi eru lágmarkslaun ákveðin með kjarasamningnum sem stéttarfélög gera við samtök atvinnurekenda um laun og önnur starfskjör launafólks. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skulu laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir. Stéttarfélagsaðild er þannig ekki skilyrði þess að launþegi njóti lágmarkslauna og eru atvinnurekendur bundnir af ákvæðum kjarasamninga um laun og önnur starfskjör þrátt fyrir að þeir eigi ekki aðild að hlutaðeigandi kjarasamningum með beinum hætti eða með aðild að samtökum atvinnurekenda.
55. Líkt og fram kemur í fyrri skýrslum Íslands hefur Vinnueftirlit ríkisins það hlutverk að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980. Vinnueftirlit hefur lagt ríka áherslu á rannsóknir, skráningar á vinnuslysum, forvarnir og heilsueflingu. Stofnunin heldur jafnframt utan um öll vinnuslys og að tryggja skilyrði fyrir því að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál. Þá hefur Vinnueftirlitið í auknum mæli verið að halda námskeið á pólsku og ensku fyrir innflytjendur á vinnumarkaði.
56. Frá því að síðustu skýrslu var skilað hafa verið gerðar ýmsar breytingar sem miða að því að tryggja betur vinnuvernd, öryggi og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Lög um slysatryggingar almannatrygginga voru samþykkt árið 2015 en markmið þeirra er að tryggja slysatryggðum bætur frá almannatryggingum vegna vinnuslysa eða annarra tiltekinna slysa óháð tekjum hins slysatryggða. Þá hafa fjölmargar reglugerðir tekið gildi á undanförunum árum sem miða að því að auka vinnuvernd.
57. Samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi ber atvinnurekanda skylda til að láta einelti, kynferðislega áreitni og kynbundna áreitni eða ofbeldi á vinnustað ekki viðgangast og skal tryggja að til staðar sé

skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustaðinn. Þá skal vera til staðar viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi fyrir vinnustaðinn. Ef fram kemur ábending um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi á vinnustað skal bregðast við eins fljótt og hægt er og í samræmi við stefnu og viðbragðsáætlun. Vinnueftirlitið gegnir eftirlits- og leiðbeiningahlutverki í þessu sambandi og tekur við ábendingum. Vinnueftirlitið getur þá brugðist við með því að fara í eftirlitsheimsókn eða með öðrum viðeigandi hætti. Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar geta varðað sektum. Fjöldi mála sem hafa borist Vinnueftirliti ríkisins á grundvelli reglugerðar 1009/2015 er eftirfarandi: 2015 - 44 mál, 2016 - 15 mál, 2017 - 29 mál, 2018 - 24 mál, 2019 - 32 mál, 2020 - 27 mál.

## **Grein 8 – Réttur til að stofna og vera í stéttarfélagi**

*Sjá lokaathugasemd 12*

58. Varðandi löggjöf um stéttarfélög vísast í umfjöllun í fyrri skýrslum Íslands til nefndarinnar. Sú venja hefur viðgengist á íslenskum vinnumarkaði að samtök aðila launamanna og samtök atvinnurekenda semji um laun og önnur réttindi launafólks í kjarasamningum. Þar af leiðandi er kjarasamningsgerð á almennum vinnumarkaði alfarið á hendi öflugra samtaka aðila vinnumarkaðarins og án íhlutunar stjórnvalda. Samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 hafa samtök aðila vinnumarkaðarins möguleika á að skjóta ágreiningi til ríkissáttasemjara sem félagsmálaráðherra skipar til fimm ára í senn. Hlutverk ríkissáttasemjara er að annast sáttastörf í vinnudeilum á milli annars vegar launafólks og félaga þess og hins vegar atvinnurekenda og félaga þeirra, sé þess óskað. Núgildandi ferlar um kjarasamningsviðræður miða að því að efla frjálsa kjarasamningagerð með það að markmiði að forðast ónáuðsynlegrar aðkomu stjórnvalda í þeim viðræðum.

## **Grein 9 – Réttur til félagslegs öryggis**

*Sjá lokaathugasemdir 13 og 14*

### **Félagslegt öryggi**

59. Í síðustu lokaathugasemdum sínum lagði nefndin til að gripið yrði til ráðstafana til þess að tryggja lágmarksframfærslu og viðunandi lífsskilyrði fyrir alla bótaþega og

framfærsluviðmið endurskoðuð reglulega. Fjárhæðir elli-, örorku- og endurhæfingarlífeyris eru endurskoðaðar á hverju ári við endurskoðun fjárlaga. Þá hafa barnabætur verið hækkaðar á undanförunum árum, auk þess sem árið 2020 var greiddur út sérstakur barnabótaauki til að mæta efnahagslegum áhrifum Covid-19. Vinnuálastofnun hefur verið falið aukið hlutverk vegna þjónustu við flóttafólk og einstaklinga sem fengið hafa dvalarleyfi af mannúðarástæðum og mun stofnuninni annast íslenskukennslu og samfélagsfræðslu fyrir hópinn. Munu þessi námskeið standa öllum til boða þeim að kostnaðarlausu.

60. Frá árinu 2011 hefur félagsmálaráðuneytið gefið út svokölluð neysluviðmið en þau voru síðast uppfærð árið 2019. Endurskoðun stendur yfir á fyrirkomulagi þeirra. Tilgangurinn með smíði neysluviðmiða er að veita heimilum í landinu aðgang að viðmiðum sem þau geta haft til hliðsjónar þegar þau áætla eigin útgjöld, auk þess sem slík viðmið geta nýst við fjármálaráðgjöf fyrir einstaklinga og verið grunnur að ákvörðunum um fjárhæðir sem tengjast framfærslu. Dæmigerða viðmiðið er hvorki endanlegur mælikvarði á hvað sé hæfileg neysla né mat á því hvað einstaklingar og fjölskyldur þurfa sér til framfærslu. Grunnviðmið var hins vegar þróað með það í huga að sjá að því hvað einstaklingar og fjölskyldur þurfa sér til framfærslu.
61. Markmið laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpár. Framkvæmd félagsþjónustunnar á að virða sjálfsákvörðunarrétt einstaklingsins, styrkja hann til sjálfshjálpár og að taka ábyrgð á sjálfum sér og öðrum. Einnig skuli skapa skilyrði til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Sveitarfélög bera ábyrgð á framkvæmd fjárhagsaðstoðar og ákvarða upphæðir samkvæmt nánari reglum sveitarfélagsins þar um.

### **Atvinnuleysisbætur**

62. Um atvinnuleysistryggingar er fjallað í lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006, sbr. nánari umfjöllun í síðustu skýrslu Íslands til nefndarinnar (E/C.12/ISL/4, efnisgreinar 119-126) og í umfjöllun um grein 6.

## **Grein 10 – Réttur fjölskyldunnar**

63. Á Íslandi er lögð áhersla á virðingu fyrir fjölbreytileika fjölskyldna. Árið 2010 voru gerðar grundvallarbreytingar á hjúskaparlögum nr. 31/1993, sbr. lög nr. 65/2010. Lögin gilda því ekki lengur aðeins um hjúskap karls og konu heldur um hjúskap tveggja einstaklinga, óháð kyni. Framangreind breyting var gerð með það að markmiði að tryggja betur rétt hinseginfólks til fjölskyldulífs. Vorið 2021 voru einnig samþykktar breytingar á barnalögum um foreldrastöðu trans fólks og einstaklinga með kynhlutlausa kynskráningu.
64. Árið 2013 tóku gildi umfangsmiklar breytingar á barnalögum nr. 76/2003. Var þá lögfestur nýr upphafskafli sem hefur að geyma almenn ákvæði sem taka mið af grundvallarreglum barnasáttmálans. Þá var hlutverk foreldra einnig skilgreint nánar. Vorið 2021 var einnig lagt fram frumvarpi um breytingar á barnalögum sem gerir foreldrum kleift að semja um skipta búsetu barns.

## **Fæðingar- og foreldraorlof**

65. Lög nr. 144/2020, gilda um fæðingar- og foreldraorlof en þau tóku gildi þann 1. janúar 2021. Samkvæmt lögnum eiga allir foreldrar rétt á greiddu fæðingarorlofi. Til þess að ýta undir jafnrétti kynjanna innan heimila og á vinnumarkaðinum hafa stjórnvöld gripið til ráðstafana til þess að hvetja foreldra til þess að skipta fæðingarorlofinu jafnt á milli sín. Í byrjun árs 2020 var fæðingarorlof lengt úr 9 mánuðum í 10 mánuði og árið 2021 var það lengt í tólf mánuði. Sjálfstæður réttur hvors foreldris um sig er sex mánuðir en foreldrum er heimilt að framselja sex vikum sín á milli, og því getur annað foreldrið tekið fæðingarorlof í sjö og hálfan mánuð en hitt í fjóra og hálfan. Mánaðarlegar greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi eru 80% af meðaltali heildarlauna. Hámarksgræiðslur hafa verið hækkaðar á undanförunum árum en síðan í byrjun árs 2019 hafa þær verið 600.000 kr. á mánuði.
66. Í lögum um fæðingar- og foreldraorlof voru jafnframt lagðar til ýmsar breytingar svo sem frekari heimildir varðandi yfirfærslu réttinda til fæðingarorlofs eða fæðingarstyrks milli foreldra þegar annað foreldrið getur ekki af ákveðnum ástæðum nýtt rétt sinn innan kerfisins. Er annars vegar um að ræða þau tilvik þegar ekki hefur reynst mögulegt að feðra

barn samkvæmt barnalögum og hins vegar er um að ræða þau tilvik þegar foreldri er gert að sæta nálgunarbandi og/eða brottvísun af heimili.

### Velferð barna og barnavernd

67. Haustið 2018 rituðu ráðherrar félagsmála, heilbrigðismála, mennta- og menningarmála, dómsmála, samgöngu- og sveitarstjórnarmála og Samband íslenskra sveitarfélaga undir viljayfirlýsingu um að afnema hindranir milli kerfa, bæta þjónustu í þágu barna og skapa barnvænt samfélag. Í kjölfarið tók stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna til starfa. Jafnframt tók til starfa þingmannanefnd um málefni barna sem er skipuð fulltrúum allra þingflokka. Á grundvelli þessarar vinnu er unnin stefna um barnvænt Íslands, sem miðar að því að tryggja heildstæða innleiðingu á Barnasáttmálanum, svo sem með aukinni aðkomu og þátttöku barna í opinberri stefnumótun.
68. Á undanförunum árum hefur farið fram margþætt vinna við endurskoðun á félagslegri umgjörð um málefni barna. Mikilvægur liður í þessari vinnu er þróun mælaborðs sem heldur utan um helstu tölfræðigögn er varpa ljósi á farsæld barna á Íslandi. Við þróun mælaborðs um farsæld barna á Íslandi þarf því að horfa til fjölbreyttra þátta svo sem heilsu, hamingju, menntunar, öryggis, tækifæra, lífskjara, félagslegra tengsla, fjölskyldulífs, þátttöku í samfélaginu og áhrifa barna á ákvarðanir sem varða daglegt líf þeirra. Mælaborðið skal nýtast við stefnumótun og forgangsröðun opinberra aðila jafnt sem til upplýsingar við opinbera umræðu um málefni er varða börn. Aðalmarkmiðið með þróun mælaborðsins er að draga fram heildstæða mynd af farsæld barna hér á landi, á grundvelli þeirra fjölþættu tölfræðigagna sem til staðar eru, fyrir ríki og sveitarfélög. Er þar horft til þess að safna tölfræðigögnum um ólík málefni og hópa barna og tryggja að stjórnvöld hafi yfirlit yfir þætti er varða farsæld barna hér á landi, yfirlit sem að byggir á nýlegum og aðgengilegum gögnum
69. Eftir umfangsmikið samráð var haustið 2020 lagt fram frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna á Alþingi. Meginmarkmið frumvarpsins er að stuðla að samvinnu allra aðila sem veita börnum þjónustu þegar á þarf að halda án hindrana. Einnig eru lagðar til breytingar sem miða að því að tryggja betur eftirlit og samræma þjónustu ýmissa stofnana. Í þeim tilgangi að auka þjónustu við börn hefur verið einnig lögð fram

frumvörp til breytinga á lögum er varða þjónustu við börn, bæði við greiningu og ráðgjöf og barnavernd.

70. Í félagsmálaráðuneytinu er unnið að heildarendurskoðun barnaverndarlaga, með það að markmiði að tryggja betri þjónustu í þágu barna með áherslu á snemmtækan stuðning og réttindi barna. Framangreindar breytingar á barnaverndarlögum hafa það einnig að markmiði að auka við fagþekkingu í barnaverndarstarfi á landinu eru því lagðar til breytingar á stjórnslu í málaflokknum þar sem pólitísk skipaðar barnaverndarnefndar verða lagðar niður og við tekur faglega skipað umdæmaráð við því hlutverki.

### **Eldri borgarar**

71. Samkvæmt lögum málefni aldraðra nr. 125/1999 starfar sérstök samstarfsnefnd um málefni aldraðra á vegum félagsmálaráðuneytisins, en hún er tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa í þágu aldraðra. Þá er til staðar sérstakur framkvæmdasjóður aldraðra sem er ætlaðað stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land. Í september 2019 var skipaður starfshópur um lífskjör og aðbúnað aldraðra. Verkefni hópsins er m.a. að fjalla um hvernig fyrirkomulagi öldrunarþjónustu verði best háttað, hvernig eldri borgarar geti aukið ráðstöfunartekjur sínar með aukinni atvinnuþátttöku og frestun töku lífeyris, hvernig draga megi úr líkum á félagslegri einangrun aldraðra og hvernig nýta megi nútímataækni betur í þágu aldraðra. Í byrjun árs 2020 var einnig skipaður starfshópur um heilsueflingu aldraðra sem er ætlað að leggja fram tillögur um fyrirkomulag samstarfsverkefna í heilsueflingu sem gera öldruðum kleift að búa í heimahúsi eins lengi og kostur er.

### **Fatlað fólk**

72. Ísland hefur sem fyrr segir fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er ætlað að tryggja fötluðu fólki viðeigandi þjónustu og stuðning. Þar er til dæmis kveðið á um notendastýrða persónulega aðstoð sem miðar að því að tryggja fötluðu fólki rétt á að lifa virku og sjálfstæðu lífi. Stefna og framkvæmdáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017 til 2021 hefur að geyma ýmsar aðgerðir sem miða að því að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Nánari umfjöllun má finna í fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samningsins.



### **Einstaklingar í leit að alþjóðlegri vernd**

73. Ný lög um útlendinga nr. 80/2016 tóku gildi 1. janúar 2017. Lögin miða að því að tryggja réttláta, skilvirka og mannúðlega málsmeðferð og að uppfæra löggjöfina þannig að hún standist hæstu alþjóðlegu viðmið. Lögin hafa styrkt málsmeðferð og skilvirkni í málum umsækjenda um alþjóðlega vernd og hefur verið lögð sérstök áhersla á réttindi barna og sameiningu fjölskyldna.
74. Lög um útlendinga endurspeglu ákvæði Flóttamannasamnings Sameinuðu þjóðanna. Eru það því einstaklingar sem hafa orðið fyrir ofsóknum í heimaríki sínu eða eiga á hættu dauðarefsingu, pyndingar eða ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sem eiga rétt á alþjóðlegri vernd á Íslandi. Umsækjandi sem hlýtur ekki viðurkenningu sem flóttamaður getur þó fengið dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, að því gefnu að sterk rök mæli með því, t.d. alvarleg veikindi eða erfiðar félagslegar aðstæður í heimaríkinu.
75. Umsækjandi um alþjóðlega vernd á Íslandi á rétt til húsnæðis meðan umsóknin er í skoðun, ásamt fjárhagslegum stuðningi ef hann getur ekki sjálfur séð sér fyrir farborða. Jafnframt eiga umsækjendur um alþjóðlega vernd á Íslandi rétt á almennri og nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Umsækjendur um alþjóðlega vernd hafa einnig rétt á talsmanni sem veitir þeim lögfræðilega aðstoð í tengslum við umsóknina. Rauði kross Íslands sinnir ýmissi stuðningsþjónustu og réttaraðstoð við umsækjendur um alþjóðlega vernd á grundvelli samnings Rauða krossins, Útlendingastofnunar og dómsmálaráðuneytisins.
76. Starfrækt er móttökumiðstöð á vegum Útlendingastofnunar sem er opin fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Móttökumiðstöðin á að tryggja réttindi og öryggi umsækjenda, greina þarfir þeirra og veita þeim fullnægjandi þjónustu. Umsækjendur hafa rétt á heilbrigðisaðstoð þar til á þeim degi sem þeir fara frá eða eru sendir frá Íslandi. Einstaklingar sem veitt er staða flóttamanns eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum er sjúkratryggðir frá veitingu leyfisins. Barnshafandi konur sem eru umsækjendur um alþjóðlega eiga að fá aðgang að mæðravernd og fæðingarhjálp.

77. Einstaklingar sem hafa hlotið dvalarleyfi á grundvelli alþjóðlegrar verndar, mannúðarsjónarmiða eða vegna sérstakra tengsla við landið hafa rétt til fjölskyldusameiningar við kjarnafjölskyldu sína, þ.e. maka og börn yngri en 18 ára.
78. Umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem hafa fengið útgefið bráðabirgðadvalarleyfi samkvæmt lögum um útlendinga, geta fengið útgefið tímabundið atvinnuleyfi sem gildir þar til ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina að uppfylltum skilyrðum laga nr. 97/2002 um atvinnuréttindi útlendinga.
79. Umsækjendur um alþjóðlega vernd á barnsaldri skulu eiga kost á því að stunda skyldunám í grunnskóla eða sambærilegt nám innan hins almenna skólakerfis eða á dvalarstað þess eins fljótt og unnt er.

### **Staðalímyndir og ofbeldi**

*Sjá lokaathugasemd 15*

80. Varðandi umfjöllun um kynbundið ofbeldi og staðalímyndir er vísað í umfjöllun um grein 3. Líkt og fram kemur í þeirri umfjöllun hafa almenn hegningarlög nú að geyma sérstakt refsíákvæði um heimilisofbeldi í samræmi við síðustu lokaathugasemdir nefndarinnar til Íslands.

### **Grein 11 – Réttur til viðunandi lífsafkomu**

*Sjá lokaathugasemd 16*

### **Fátækt**

81. Í nóvember 2018 skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra stýrihópur um málefni heimilislausra með fjölþættan vanda. Hlutverk hópsins var að skoða ábendingar Velferðarvaktarinnar um málaflokkinn og lutu að því að koma upp dagdvöl, bæta aðgengi að meðferð við vímuefnavanda, fjölga áfangaheimilum, útvega atvinnutækifæri, hjúkrunarrými fyrir eldri heimilislausum með fjölþættan vanda, skoða húsnæðisvandan og skoða leiðir til að bæta málsmeðferðartíma.

82. Árið 2019 var birt skýrsla um rannsókn á lífskjörum og fátækt barna á Íslandi árin 2004-2016. Helstu niðurstöður skýrslunnar eru þær að á heildina litið eru lífskjör barna á Íslandi góð í samanburði við flest önnur Evrópulönd. Það brýnasta, samkvæmt skýrslunni, er að bæta lífskjör einstæðra foreldra og barna þeirra sem og að huga að börnum öryrkja. Bent er á að staða á húsnæðismarkaði hafi veruleg áhrif á lífskjör barna. Velferðarvaktin lagði fram tillögur til stjórnvalda á grundvelli skýrslunnar og hefur hún verið mikilvægt innlegg inn í þá vinnu sem nú stendur yfir í málefnum barna.
83. Velferðarvaktin hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að koma fram ábendingum til stjórnvalda á tímum Covid-19 þannig að stjórnvöld gæti sem mest að högum þeirra sem höllustum fæti standa í þeim mótvægisáðgerðum sem gripið hefur verið til. Sérstakt viðbragðsteymi velferðarþjónustu og uppbyggingarteymi félags- og atvinnumála voru sett upp í kjölfar Covid-19 og hafa þau unnið náið með Velferðarvaktinni.

### **Réttur til viðunandi húsnæðis**

84. Á undanförunum árum hefur íbúðaverð og leiguverð íbúða farið mjög hækkandi og ungt fólk og tekjulágir einstaklingar því átt erfiðara með að eignast húsnæði en áður. Þá sýna kannanir að leigjendur myndu fremur kjósa að búa í eigin húsnæði en í leiguhúsnæði.
85. Ráðist hefur verið í fjölmargar áðgerðir á undanförunum árum til að bæta stöðu fólks á húsnæðismarkaði. Um mitt ár 2016 var nýju húsnæðisstuðningskerfi komið á fót, almenna íbúðakerfinu svokallaða, sem hefur það að markmiði að auka aðgengi fólks sem er undir ákveðnum tekju- og eignamörkum að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði. Almennar íbúðir eru m.a. fjármagnaðar með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga sem nema 30% eða hærra hlutfalli af kostnaði íbúðanna og auðvelda fjármögnun slíkra íbúða auk þess að gera rekstraraðilum kleift að bjóða hagstæðara leiguverð en ella. Stofnframlög hafa nú þegar verið veitt til byggingar eða kaupa á 2.625 almennum íbúðum og hafa stofnframlögin numið 15,9 milljörðum króna en nú stendur yfir úthlutun fjögurra milljarða til viðbótar. Með kerfinu er unnið að fjölgun íbúða fyrir aldraða, öryrkja, námsmenn og tekjulægra fólk á vinnumarkaði sem og fjölgun félagslegra íbúða auk sértækra búsetuúrræða fyrir fatlað fólk sem ætlað er að koma í stað eldri herbergjasambýla. Enn er þó fyrir hendi mikil umframeftirspurn eftir félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélaga.

86. Í ársbyrjun 2017 tók gildi nýtt kerfi húsnæðisstuðnings við leigjendur og eru nú greiddar húsnæðisbætur í stað húsaleigubóta. Samhliða var lögfest skylda sveitarfélaga til að veita sérstakar húsnæðisbætur þeim til viðbótar fyrir þá sem þess þurfa en fram að því hafði einungis um þriðjungur sveitarfélaga veitt sérstakar húsaleigubætur.
87. Ráðist var í umfangsmikla stefnumótun í húsnæðismálum í upphafi árs 2019 og er nú unnið að innleiðingu þeirra tillagna sem eru afurð hennar. Má þar m.a. nefna ný hlutdeildarlán ríkisins til að auðvelda fyrstu kaupendum og þeim sem hafa verið á leigumarkaði undanfarin fimm ár kaup á eigin íbúð en hlutdeildarlánnum er ætlað að brúa eiginfjárkröfu við íbúðakaup með því að ríkið veiti allt að 20% vaxta- og afborgunarlaust lán á móti að lágmarki 5% eigin fé kaupanda og 75% lánveitingu á 1. veðrétti, til allt að 25 ára. Einnig er nú unnið að heildstæðari upplýsingaöflun um húsnæðismarkaðinn til að undirbyggja markvissari stefnumótun í málaflokknum og draga úr sveiflum á húsnæðismarkaði sem stafa af ójafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar eftir húsnæði. Þá er m.a. unnið að því að efla húsnæðismarkaðinn á landsbyggðinni með fjölbreyttum aðgerðum en í því sambandi hefur m.a. verið komið á fót sérstöku leigufélagi stjórnvalda sem ætlað er að auka aðgengi að leiguhúsnæði þar sem þörf er á.

## **Grein 12 – Réttur til að njóta líkamlegrar og andlegrar heilsu**

*Sjá lokaathugasemd 17*

88. Í lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu er kveðið á um að allir landsmenn eigi kost á fullkornustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tæk á að veita til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði. Í lögum nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga er einnig kveðið á um að óheimilt sé að mismuna sjúklingum á grundvelli persónulegra eiginleika eða stöðu þeirra í þjóðfélaginu. Árið 2019 var samþykkt heilbrigðisstefna til ársins 2030 en markmið hennar er meðal annars að skilgreina betur hlutverk einstakra þátta innan heilbrigðisþjónustunnar sem og samspil þeirra.
89. Efling heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustaður notenda í heilbrigðiskerfinu er opinber stefna á Íslandi. Til að efla heilsugæsluna í þessu hlutverki hefur verið gripið til ýmissa

aðgerða og þjónusta heilsugæslunnar er víðtækari en áður. Lögð hefur verið áhersla á að fjölga fagstéttum og auka þverfaglegt samstarf til að koma betur til móts við fjölbreyttar þarfir notenda og stuðla að samfelldri þjónustu. Komið hefur verið á fót geðheilsuteymum í öllum heilbrigðisumdæmum auk sértækra geðheilsuteyma sem þjóna öllu landinu. Sérstakt fjármagn var sett í heilsueflandi móttökur sem þjóna eiga öldruðum og/eða langveikum einstaklingum. Komugjöld í heilsugæslu hafa verið lækkuð markvisst og innleitt hefur verið tilvísanakerfi vegna þjónustu við börn sem tryggir þeim þjónustu án kostnaðar. Þjónusta heilsugæslunnar er gjaldfrjál fyrir börn, öryrkja og aldraða. Þá er boðið upp á mæðra- og ungbarnavernd að kostnaðarlausu.

90. Áhersla hefur verið lögð á að efla rafræna heilbrigðisþjónustu og þar með talda fjarheilbrigðisþjónustu á landsvísu. Með rafrænni heilbrigðisþjónustu er leitast við að jafna aðgang almennings að heilbrigðisþjónustu og auka skilvirkni og gæði. Leitast hefur verið við að tryggja að sem flestir geti nýtt sér rafræna heilbrigðisþjónustu en í því sambandi má nefna að 96% íslenskra heimila hafa aðgang að netinu. Þá hefur aðgengi verið tryggt í samræmi við WCAG staðalinn, auk þess sem sérstök aðstoð er í boði í gegnum síma eða vefspjall fyrir þá sem þurfa.
91. Á undanförunum árum hafa skref verið stigin til þess að auka jöfnuð innan heilbrigðiskerfisins, t.d. með breyttum greiðsluþáttökukerfum vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu og með samningum um aukna þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði vegna tannlækninga barna, aldraða og öryrkja.
92. Sett hefur verið þak á hámarksgreiðslur sjúklinga fyrir heilbrigðisþjónustu, en það er 75.802 ISK á ári en verður þó ekki hærri en 26.753 ISK á mánuði. Fyrir öryrkja og aldraða er hámarkið lægra eða 50.538 ISK á ári en þó aldrei hærra en 17.835 ISK á mánuði. Það sama á við um börn sem fá þjónustu án tilvísunar. Öll heilbrigðisþjónusta er gjaldfrjál fyrir börn yngri en 2 ára. Almenn lækniþjónusta er gjaldfrjál fyrir börn á öllum aldri. Börn á aldrinum 2-17 ára, með tilvísun frá heimilis- eða heilsugæslulækni, greiða ekki gjald fyrir sérhæfða lækniþjónustu. Börn sem sækja þjónustu án tilvísunar greiða hins vegar 30% af kostnaði við þjónustuna þar til greiðslumarki er náð.

93. Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í lyfjakostnaði einstaklinga. Greiðsluþátttökukerfið vegna lyfjakaupa byggir á þrepaskiptri greiðsluþátttöku þar sem hver einstaklingur greiðir hlutfallslega minna eftir því sem lyfjakostnaður hans eykst innan tólf mánaða tímabils. Í fyrsta þrepi greiðir einstaklingurinn lyf að fullu, í öðru þrepi greiðir hann 15% af verði lyfja og í þriðja þrepi greiðir hann 7,5%. Þegar lyfjakostnaður hefur náð ákveðnu hámarki fær hann lyf að fullu greidd af sjúkratryggingum það sem eftir er af tímabilinu. Meginmarkmið þess er að tryggja jafnræði milli einstaklinga og draga úr kostnaði fyrir þá sem þurfa að nota mikið af lyfjum. Hámarkið er lægra fyrir fólk yfir 67 ára, fatlað fólk og börn og ungmenni undir 22 ára. Greiðsluþátttökukerfið nær yfir þau lyf sem Sjúkratryggingar taka þátt í að greiða en önnur lyf eru utan við kerfið.
94. Frá árinu 2018 hafa öll börn átt rétt á gjaldfrjálsum tannlækningum, fyrir utan árlegt 2.500 kr. komugjald. Sjúkratryggingar Íslands hafa frá 1. september 2018 greitt helming kostnaðar fyrir almennar tannlækningar aldraðra og öryrkja. Einnig greiða Sjúkratryggingar Íslands almennar tannlækningar að fullu fyrir aldraða og öryrkja sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum eða hjúkrunarrýmum á öldrunarstofnunum. Hið sama gildir fyrir þroskahamlaða einstaklinga 18 ára og eldri.

### **Smitsjúkdómar og COVID-19**

95. Samkvæmt lögum um sóttvarnir nr. 19/1997 ber Embætti landlæknis ábyrgð á framkvæmd sóttvarna undir yfirstjórn heilbrigðisráðherra. Sóttvarnalæknir starfar innan Embættis landlæknis og ber ábyrgð á sóttvörnum og heldur sérstaka smitsjúkdómaskrá. Landlæknir og sóttvarnalæknir vinna saman að því að veita almenningi upplýsingar um smitsjúkdóma og koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra.
96. Viðbúnaður á Íslandi gegn Covid-19 er samkvæmt viðbragðsáætlun sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Fyrirmæli um það hverjir þurfa að fara í sóttkví og einangrun vegna Covid-19 koma frá yfirvöldum í hverju tilfelli fyrir sig. Einstaklingar sem þurfa að fara í sóttkví eða einangrun en eiga ekki hér samastað eða ekki er fýsilegt að séu heima við í sóttkví eða einangrun geta fengið inni í sóttvarnahúsi á vegum yfirvalda í samráði við heilbrigðisyfirvöld á hverjum stað.

97. Á árinu 2020 kom það fyrir í tvígang að heilbrigðisráðherra staðfesti tilmæli landlæknis um að fresta valkvæðum og öðrum ífarandi aðgerðum vegna heimsfaraldurs COVID-19, fyrst á tímabilinu 23. mars – 3. maí og svo aftur 27. október til 11. nóvember. Afleiðing lokunar skurðstofa á þeim tíma var að bið eftir aðgerð lengdist umtalsvert. Bráðatilfelli eru og voru alltaf tekin fram fyrir og fá slík tilfelli tíma á göngudeild innan viku frá því að tilvísun berst. Reynt var að sporna við lengingu biðtíma með átaki í göngudeildarþjónustu innan nokkurra sérgreina. Einnig var í meira mæli en áður boðið upp á úrlausn með símtali ef því var komið við. Þá var reynt að halda áfram ýmissi þjónustu s.s. geðheilbrigðisþjónustu, í gegnum fjarfundabúnað. Sem dæmi tók þunglyndis- og kvíðateymi spítalans upp fjarþjónustu og hóf meðferð gegnum myndsímtöl, bæði einstaklings- og hópmeðferð. Heilbrigðisstofnanir vinna jafnt og þétt í því að vinna niður biðina eftir frestanir á aðgerðum/þjónustu á árinu 2020. Þannig hefur Landspítali framkvæmt aðgerðir um helgar til að ná niður biðlistum þegar tekist hefur að manna stöður.
98. Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á skipulagningu og samræmingu bólusetningar gegn Covid-19. Bólusetning gegn Covid-19 á Íslandi er samræmd á landinu þar sem einstaklingar eru boðaðir í bólusetningu samkvæmt forgangsröðun sem sett er fram í reglugerð nr. 1198/2020.

### **Ófrjósemisaðgerðir og þungunarrof**

99. Í maí 2019 tóku gildi lög um ófrjósemisaðgerðir, nr. 35/2019. Markmið laganna er að tryggja einstaklingum sjálfsforræði til að taka ákvörðun um ófrjósemisaðgerð og stuðla að mannréttindum og mannhelgi allra einstaklinga. Samkvæmt lögnum er ófrjósemisaðgerð heimil að ósk einstaklings sem náð hefur 18 ára aldri.
100. Ný lög um þungunarrof, nr. 43/2019, tóku gildi í september 2019 en markmið þeirra er að tryggja að sjálfsforræði kvenna sé virt en með því er átt við rétt kvenna til að taka sjálfar ákvarðanir um eigið líf og framtíð. Í ákvæðinu er tekið fram að ósk um þungunarrof skuli koma frá konunni sjálfri, byggt á þeirri meginforsendu frumvarpsins að ákvörðun um framkvæmd þungunarrofs sé á forræði hennar. Gengið er út frá því að upplýst samþykki þurfi að liggja fyrir hjá konu í öllum tilvikum, óháð aldri.

## Geðheilbrigðismál

101. Árið 2016 var samþykkt stefna og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til ársins 2020, en þar er lögð megináhersla á samþættingu þjónustu við fólk með geðheilsuvanda og fjölskyldur þeirra sem og á geðrækt og forvarnir þar sem sjónum verði sérstaklega beint að börnum og ungmennum. Einnig verði hugað að ýmsum jaðarhópum og viðkvæmum lífsskeiðum og tilgreindar aðgerðir til að draga úr fordómum og mismunum. Heilsugæslunni er ætlað mikilvægt hlutverk við eflingu geðheilbrigðisþjónustu. Áhersla hefur verið lögð á að fjölga sálfræðingum og þverfaglegum geðheilsuteymum á heilsugæslustöðvum um land allt. Samhliða því hafa bein fjárframlög til geðheilbrigðismála hækkað mikið á árunum 2018 til 2021, auk þess sem sérstök fjárveiting var veitt til geðheilbrigðismála til að bregðast við afleiðingum Covid-19.
102. Biðtími eftir sérhæfðri þjónustu teyma í geðþjónustu hefur verið langur, meðal annars hjá börnum. Mönnun teymanna hefur þar aftur áhrif, en heilbrigðisráðherra hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um stofnun þverfaglegs landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu. Einnig má benda á að heilbrigðisráðuneytið og félagsmálaráðuneytið hafa unnið saman að því að greina langan biðtíma fyrir börn og stefna á áframhaldandi samstarf sem miðar að því að bæta þjónustuna og stytta biðtíma.
103. Geðheilsuteymi fangelsanna var sett á laggirnar í desember 2019 og í júní 2020 var fjármagnað sérstakt teymi fyrir fólk með þroskaraskanir auk annars geðheilbrigðisvanda. Einnig hóf störf geðheilsuteymi sem snýr að fjölskylduvernd. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins heldur utan þessi teymi sem vinna á landsvísu.
104. Reglulegt samráð heilbrigðisráðuneytis við haghafa geðheilbrigðismála hófst 2018 þar sem unnið er að því að bæta heilbrigðiskerfið til þess að mæta betur þörfum fólks með geðheilbrigðisvanda. Auk þess var brugðist sérstaklega við Covid-19 með því að setja fót tímabundið geðráð sem hefur það hlutverk að hnýta markvisst saman aðgerðir og tryggja samhæfða upplýsingagjöf til viðkvæmra hópa. Embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneyti hafa vaktað lýðheilsu og geðheilsu í ljósi COVID-19. Tveimur starfshópum er falið að vakta lýðheilsu annars vegar og geðheilsu hins vegar á tímum faraldurs.



105. Embætti Landlæknis stendur fyrir verkefninu heilsuefandi samfélag og heilsuefandi skólar, en markmiðið er að stuðla að stuðla að betri heilsu og vellíðan meðal landsmanna og á öllum skólastigum. Starfshópur á vegum embættis landlæknis um geðrækt í skólum skilaði skýrslu 2020 með ýmsum tillögum, en vinna starfshópsins er liður í geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til ársins 2020.

### **Áfengis- og vímuefnavarnir**

106. Stefna í áfengis- og vímuefnum til 2020 leggur áherslu á forvarnir og að draga úr þeim skaða sem áfengis- og vímuefnaneysla hefur á einstaklinga, fjölskyldur og samfélagið. Samningur hefur verið gerður milli Sjúkratrygginga Íslands og SÁÁ um rekstur á áfengis- og vímuefnaeðferð. SÁÁ starfrækir afvötnunar- og endurhæfingarstöðvar fyrir alkóhólista og aðra vímuefnanotendur og veitir auk þess fjölskyldumeðferð fyrir aðstandendur.

107. Frá árinu 2019 hefur Landspítalinn sinn meðferð barna og ungmenna við fíknivanda. Þar starfar þverfaglegt meðferðarteymi með fagþekkingu frá fíknigeðdeild, barna- og unglingageðdeild og barnavernd. Þegar meðferð er lokið er Landspítala falið að vísa börnum og ungmönnum með neyslu- og fíknivanda í viðeigandi meðferðarúrræði, s.s. á barna- og unglingageðdeild, Stuðla eða aðra meðferð eins og við á í hverju tilviki fyrir sig.

108. Rauði krossinn á Íslandi hefur með stuðningi ríkisins rekið þjónustu sem miðar að því að ná til einstaklinga sem nota vímuefni um æð og bjóða þeim skaðaminnkandi þjónustu í formi heilbrigðisþjónustu og nálaskiptaþjónustu. Vorið 2020 voru samþykkt lög sem fela í sér heimild sveitarfélaga til að koma á fót neyslurými fyrir einstaklinga 18 ára og eldri.

### **Greinar 13 og 14 – Réttur til menntunar**

*Sjá lokaathugasemd 18*

109. Íslensk menntastefna birtist í löggjöf um menntamál, í aðalnámskrám og ýmsum stefnuskjölum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa umhverfi fyrir eflingu leik-grunn- og framhaldsskólastigs

sem og framhaldsfræðslu og menntun á háskólastigi, leggja grundvöll að virkri þátttöku allra í lýðræðissamfélagi og veita öllum viðeigandi undirbúning og fjölbreytt tækifæri fyrir frekara nám eða störf á vinnumarkaði. Menntastefna aðalnámskráa leik-, grunn- og framhaldsskóla frá 2011 er reist á sex grunnþáttum sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Lýðræðis- og mannréttindamenntun byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins. Slíkt nám gerir bæði ráð fyrir samstarfi út fyrir veggi skóla og samstarfi í skólanum, t.d. samstarfi við heimili barna og ungmenna og við æskulýðs- og íþróttastarf.

110. Leikskólastigið er skilgreint sem fyrsta stig skólakerfisins, en um 97% barna frá 3 til 5 ára eru í leikskóla. Skyldunám í grunnskólum er almennt frá 6 til 16 ára en þar eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi, án endurgjalds. Eftir skyldunám eiga öll börn rétt á inngöngu í framhaldsskóla og er fræðsluskylda til 18 ára aldurs. Nám á grunnskólastigi er ekki að öllu leyti endurgjaldslaut, heimildarákvæði er í lögum um gjaldtöku vegna ritfanga, skólaferðalaga, skólamáltíða og frístundastarfs. Í kjölfar lögfestingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2013 jókst gagnrýni á gjaldtökuheimildir grunnskólalaga. Langflest sveitarfélög með um 99% nemenda hafa þegar brugðist við með því að afnema gjaldtöku fyrir ritföng og nokkur sveitarfélög hafa gengið lengra í þeim efnum.
111. Núgildandi menntastefna felur í sér jafnrétti til náms og menntun án aðgreiningar í leik-, grunn- og framhaldsskóla. Það hefur þó verið áskorun að tryggja samhæfða og réttindamiðaða þjónusta á öllum skólastigum. Fatlaðir nemendur á framhaldssólastigi hafa aðgang að fjölbreyttum fjögurra ára starfsbrautum sem eru reknar við flesta framhaldsskóla. Hins vegar hafa tækifæri fatlaðs fólks og sérstaklega fólks með þroskahömlun til náms eftir framhaldsskóla verið takmörkuð en mennta- og félagsmálafyrirvöld hafa leitast við að bjóða upp á viðeigandi menntaúræði fyrir þennan hóp. Niðurstöður úttektar Evrópumíðstöðvar á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar staðfesta að löggjöf og stefnumótun fela í sér stuðning við markmið skóla án aðgreiningar og eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Hlutfallslega færri nemendur eru í sérskólum og sérúræðum í skólum á Íslandi en víðast í Evrópu en formlegar greiningar á sérþörfum þeirra eru langt yfir meðallagi. Fram kemur einnig að

menntakerfið í heild er vel fjármagnað en að endurhugsa þurfi úthlutun fjármagnsins þannig að það styðji betur við stefnuna um menntun án aðgreiningar. Þó er bent á að það skorti upp á að stefnan sé markvisst innleidd í menntakerfið hér á landi og að efla mætti samstarfið um útfærsluna milli ríkis og sveitarfélaga og einnig milli ráðuneyta. Í kjölfar úttektarinnar hefur farið fram enn frekari rýni á framkvæmdina og komið hefur verið á markvissu samstarfi innan menntakerfisins, auk þess sem lögð hefur verið aukin áhersla á samstarf ráðuneyta og ríkis og sveitarfélaga í málefnum barna og ungmenna, m.a. með fyrrnefndum stýrihópi í málefnum barna. Enn fremur var skipaður stýrihópur með lykilhagsmunaaðilum menntakerfisins til að vinna aðgerðaáætlun í samræmi við niðurstöður úttektarinnar og kom ýmsum verkefnum til leiðar. Markmiðið með þeirri vinnu er að tryggja enn betur samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, þ.á m. fatlaðra barna.

112. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf árið 2014 úr *Hvítbók um umbætur í menntun* sem byggir á þeirri framtíðarsýn að ungt fólk á Íslandi hafi sömu möguleika til þess að lifa og starfa í síbreytilegum heimi og jafnaldrar þess í samanburðarlöndum. Þá er markmiðið að menntun á Íslandi standist samanburð við það sem best gerist erlendis. Í Hvítbókinni eru sett fram tvö meginmarkmið um umbætur í menntun til ársins 2018 sem varða annars vegar lestur og læsi og hins vegar að nemendur ljúki námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma.
113. Menntastefnu til ársins 2030 var samþykkt á Alþingi vorið 2021. Stefnan var unnin í samráði við skólasamfélagið og aðra hagaðila. Markmið nýrrar menntastefnu er að veita framúrskarandi menntun í umhverfi þar sem allir geta lært og allir skipta máli. Stefnunni, sem ætlunin er að innleiða í þremur tímabilum, er skipt upp í fimm meginþætti: jöfn tækifæri fyrir alla, kennsla í fremstu röð, hæfni fyrir framtíðina, vellíðan í öndvegi og gæði í forgrunni. Einkunnarorð nýrrar menntastefnu eru „framúrskarandi menntun alla ævi“ og gildi hennar þrautseigja, hugrekki, þekking, hamingja og sjálfbærni. Við upphaf hvers innleiðingartímabils verður lögð fram áætlun ásamt aðgerðum og árangursmælikvörðum. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í ýmsar aðgerðir til að efla íslenskt menntakerfi fyrir alla, svo sem aðgerðum sem miða að fjölgun kennara og aukinni nýliðun í kennarastétt, og auknu flæði þekkingar á milli skólastiga með einföldu á leyfisbréfakerfi kennara auk vitundarvakningar um mikilvægi íslenskrar tungu.

114. Í síðustu athugasemdum sínum til Íslands lagði nefndin til að ríkið myndi auka framlög til menntamála og draga úr áhrifum á þeim niðurskurði sem átti sér stað eftir efnahagshrunið. Á undanförunum árum hafa framlög verið aukin til menntamála, til dæmis í tengslum við markmið á grundvelli fyrrnefndrar Hvítbókar frá árinu 2014. Til að bregðast við Covid-19 voru auk þess sérstök framlög veitt til framhaldsskóla og háskóla til að tryggja fleiri einstaklingum möguleika til menntunar og þjálfunar.
115. Þó að flest börn hefji nám í framhaldsskóla hefur brotthvarf úr námi verið viðvarandi vandamál árum saman, ekki síst meðal barna af erlendum uppruna. Brautskráningarhlutfall nemenda eftir fjögur ár í framhaldsskóla hefur þó aukist hægt og rólega. Árið 2006 var það 45% en 2017 var það komið upp í 54%. Áfram eru færri innflytjendur sem útskrifast úr framhaldsskóla, en árið 2017 var brautskráningarhlutfall þeirra 28,2%. Reynt hefur verið að bregðast við þessu, meðal annars með sérstöku verkefni um aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum. Verkefnið byggir á þremur meginþáttum, þ.e. skimun fyrir brotthvarfi, styrkveitingum til framhaldsskóla vegna aðgerða gegn brotthvarfi og skráningu á ástæðum brotthvarfs. Í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda frá árinu 2016 er enn fremur lögð áhersla á jafna stöðu og tækifæri til menntunar og tekið fram að unnið skuli markvisst gegn brotthvarfi innflytjenda úr framhaldsskólum með stuðningi á öllum skólastigum, m.a. með aukinni áherslu á kennslu í móðurmáli. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf árið 2020 út leiðarvísi á þremur tungumálum um stuðning við virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi. Í honum er fjallað um mikilvægi þess að styðja við virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi, byggja upp samstarf við foreldra og efla samskipti við börn í daglegu starfi. Leiðarvísirinn inniheldur ráð, leiðbeiningar og gagnlegar upplýsingar fyrir foreldra, aðstandendur, kennara og annað fagfólk í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem og frístundaleiðbeinendur.
116. Starfshópur á vegum mennta- og menningarmálaráðherra skilaði árið 2020 drögum að stefnu um menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Markmið vinnu hópsins var að greina stöðu þess fjölbreytta hóps í menntakerfinu, setja fram tillögur til úrbóta og hugmyndir um aðgerðir sem lagt er til að ráðist verði í. Þessi stefnumótun er mikilvægt skref í þeirri vegferð að efla alla umgjörð í menntakerfinu til að bæta aðstæður nemenda með annað móðurmál en íslensku. Tillögur

starfshópsins eru: Fjölmennningarlegt skólastarf, samfellt nám, íslenska sem annað mál, foreldrar og fjölyngi, umsækjendur um alþjóðlega vernd, menntun kennara og menntarannsóknir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinnur að aðgerðaáætlun sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin vorið 2021.

## **Grein 15 – Réttur til þátttöku í menningarlífi**

### *Sjá lokaathugasemd 19*

117. Í síðustu athugasemdum nefndarinnar til Íslands var því beint til ríkisins að gerðar yrðu ráðstafanir til að tryggja að jaðarsettir hópar, þar á meðal fatlað fólk, fátæk börn, börn af erlendum uppruna og aldraðir njóti réttinda sinna til að taka þátt í menningarlífi. Árið 2013 var samþykkt menningarstefna og var það í fyrsta skipti sem samþykkt er sérstök stefna íslenska ríkisins á sviði lista og menningararfs og þar með tryggð aðkoma ríkisins að þeim málaflokkum. Í henni eru fjórir meginþættir lagðir til grundvallar: Í fyrsta lagi sköpun og þátttaka í menningarlífinu, í öðru lagi áhersla á góðan aðgang að listum og menningararfi, í þriðja lagi er undirstrikað mikilvægi samvinnu stjórnvalda við þá fjölmörgu aðila sem starfa á sviði menningar og loks er bent á mikilvægi þátttöku barna og ungmenna í menningarlífinu.
118. Skólarnir í landinu á öllum skólastigum geta og eiga að gegna mikilvægu hlutverki við að jafna aðgengi barna að menningu, bæði með því að flétta sköpun og listir inn í skólastarfið. Verkefninu *List fyrir alla* er ætlað að velja og miðla listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafna þannig aðgang barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Höfuðáhersla er lögð á list fyrir börn og list með börnum.
119. Stefna í æskulýðsmálum var samþykkt árið 2014 en þar lögð áhersla á atriði sem stuðla að nauðsynlegri þróun og uppbyggingu í æskulýðsmálum á Íslandi. Þá hafa stjórnvöld ráðist í víðamiklar aðgerðir til að takmarka röskun á íþrótt- og tómstundastarfi í tengslum við Covid-19. Unnið er að nýrri stefnu í félags- og tómstundastarfi barna og ungmenna til ársins 2030 í víðtæku samráði við hagsmunaaðila. Tilfni stefnumótunarinnar er aukin krafa um gæði og öryggi í skipulögðu félags- og tómstundastarfi og framtíðarsýn fyrir

málaflokkinn. Stefnt er að því að stuðla enn frekar að innleiðingu Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna og tilmælum Evrópuráðsins um gæði félags- og tómstundastarfs. Markmiðið er að með þátttöku í skipulögðu félags- og tómstundastarfi fái börn og ungmenni tækifæri til að taka þátt á sínum forsendum, þroskast í öruggu umhverfi og um leið styðja við grunnildi þess að búa í lýðræðislegu samfélagi

120. Ný stefna í íþróttamálum var staðfest árið 2019. Virk þátttaka og aðgengi allra að íþróttastarfi eru áframhaldandi leiðarstef í nýju stefnunni. Lögð er áhersla á nánara samstarf innan íþróttahreyfingarinnar, þátttöku ungmenna með annað móðurmál en íslensku og jafnrétti. Skilgreind eru forgangsverkefni, er þar einkum horft til þriggja þátta, þ.e. að tryggja gott aðgengi fyrir iðkendur óháð uppruna þeirra og aðstæðum, að umhverfi íþróttanna sé öruggt fyrir iðkendur og starfsfólk og svo að styrkja faglega umgjörð íþróttastarfs í landinu.
121. Í athugasemdum sínum benti nefndin sérstaklega á mikilvægi þess að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að menningarlegum viðburðum með því að tryggja viðeigandi akstursþjónusta. Í því sambandi má benda á að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 skal fatlað fólk eiga kost á akstursþjónustu sem miðar að því að það geti farið allra sinna ferða með þeim hætti sem það kýs og á þeim tíma sem það velur gegn viðráðanlegu verði. Ferðaþjónusta fatlaðra hefur það að markmiði að gera þeim sem ekki geta nýtt almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómstunda. Sérútbúnir bílar eru notaðir í ferðaþjónustunni til að geta ekið fólki sem notar hjólastóla.
122. Nefndin óskað í síðustu athugasemdum sínum einnig eftir því hvernig væri leitast við að tryggja að allir einstaklingar nytu góðs af framförum í vísindum. Vísinda- og tækniráð mótar opinbera stefnu í vísindum og tækni á Ísland. Ráðið leggur fram vísinda- og tæknistefnu á þriggja ára fresti og vinnur nú að innleiðingu stefnunnar fyrir árin 2020 til 2022. Eitt af meginmarkmiðum gildandi stefnu er að rannsóknir og nýsköpun nýtist samfélaginu við að takast á við samfélagslegar áskoranir. Þá er í stefnunni að finna aðgerð sem miðar að því að efla miðlun vísinda og skapa umgjörð sem tryggir almenningi og opinberum aðilum aðgang að gagnreyndum upplýsingum.